



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími-92-13100, 13101

194. fundur skólanefndar FS

27. apríl 1995

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Bogi Hallgrímsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Guðnason, Gísli Brynjólfsson, Einar Trausti Óskarsson, Ólafur Sigurðsson, Hjálmar Arnason skólameistari og áheyrnarfulltrúarnir Guðjón Kristjánsson og Jón Ingi Baldvínsson.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun.
2. Kennararáðningar.
3. Staða skólameistara.
4. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun.

Skólameistari kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 1996. Jón Sæmundsson fjármálastjóri kom á fundinn og svaraði spurningum nefndarmanna. Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

2. Kennararáðningar.

Lausar stöður hafa verið auglýstar. Þá hefur Þór Stefánsson frönskukennari sagt starfi sínu lausu. Borgþór Arngrímsson og Magnús Hallbjörnsson óska eftir launalausum leyfi næsta skólaár. Erindin samþykkt samhljóða. Nefndin þakkar Þór vel unnin störf í þágu skólans.

3. Staða skólameistara.

Hjálmar Arnason skólameistari óskar eftir launalausum leyfi næstu fjögur ár vegna þingsetu. Nefndin mælir með erindinu. Skólameistari vék af fundi meðan erindið var tekið fyrir. Skólanefnd lítur svo á að staða skólameistara sé laus til fjögurra ára og leggur því til að staðan verði auglýst.

4. Önnur mál.

- a) Hópur Svía heimsótti nýlega skólann og lýsti aðdáun sinni á umhverfinu og starfsandanum í skólanum.
- b) Útskrift verður 17. júní og er í seinna lagi vegna verkfalls kennara og utanlandsferðar útskriftarnemenda.

- c) Nemendur í netagerð verða útskrifaðir föstudaginn 5. maí.
- d) Spurt um umsókn úr Starfsmenntasjóði Félagsmálaráðuneytis. Svar hefur ekki borist.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson
Guðmann Kristþórsson,
fundarritari



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

24. apríl 1995

Fundarboð

Boðað er til fundar í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja,
fimmtudaginn 27. apríl 1995 og hefst hann kl. 17:00 í stofu 212.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun
2. Kennararáðningar
3. Staða skólameistara
4. Önnur mál

Kristbjörn Albertsson,
formaður.